

## Greinagerð fyrir lokaverkefni

MMUP4UV12

Í lokaverkefni á vorönn 2017 er ætlunin að gera vef og nýta til þess Word Press vefumsjónarkerfið. Viðfangsefni velur hver nemandi en sem dæmi mætti nefna kennsluvef, ferðavef, afþreyingavef, fyrirtækjavef og margs konar upplýsingavefi. Við hönnun verksins og efnisöflun ber að hafa í huga allt sem við höfum lært varðandi lita- og formfræði, ljósmyndun, myndbyggingu, leturfræði, kvikmyndun og hreyfimyndagerð. Mikilvægt er að geta heimilda þar sem við á.

Vefurinn sem ég hef hugsað mér að gera á að halda utan um allt það efni sem ég á vilt og breytt um veraldarvefinn. Ég hef áður gert slíkan vef, en ekki haldið honum við síðasta áratuginn, þannig að tími er kominn til að endurgera vefinn út frá nýjustu möguleikum í vefsíðugerð. Til að hýsa þennan vef hef ég fest lénið sigurlaug.is og fengið hýsingu fyrir það hjá áreiðanlegu fyrirtæki.

Hér koma nánari upplýsingar um þetta verkefni en tekið skal fram strax í upphafi að þessar hugmyndir eiga örugglega eftir að þróast eftir því sem framlíður verkinu.

Vefurinn mun bera nafn höfundar: Sigurlaug Kristmannsdóttir og hann verður í tveimur hlutum. Í þeim fyrri verður umfjöllun um höfundinn, svo sem menntun og störf, fjölskylda, myndir, vefi og handavinnu. Í þeim síðari verður umfjöllun um fyrirlestra, kennslu, námsefni, skýrslur og verkefni. Allt efni á vefnum verður eftir höfund sjálfan.

Nánar um efnisþættina:

<b>Fyrri hluti</b>	
Menntun	Ein síða sem rekur menntun höfundar
Störf	Ein síða með myndum sem teknar hafa verið við störf höfundar
Fjölskylda	Nokkrar síður um ættir og uppruna
Myndir	Nokkrar síður með völdum myndum eftir höfund
Vefir	Listi yfir alla vefi höfundar og um leið rakin sagan við vefsíðugerðina
Handavinna	Nokkrar síður með helstu handavinnu höfundar
Og fleira	
<b>Seinni hluti</b>	
Fyrirlestrar	Skrá með tenglum í fyrirlestra sem höfundur hefur haldið
Kennsla	Síða sem tengir í kennsluvefi höfundar
Námsefni	Skrá með tenglum í námsefni höfundar
Skýrslur	Skrá með tenglum í skýrslur sem höfundur hefur samið
Verkefni	Skrá yfir verkefni sem höfundur hefur tekið þátt í
Og fleira	

Vefurinn verður fyrst og fremst gerður til að halda utan um efni sem höfundur hefur birt á vefmiðlum á löngum tíma. Kennarar og nemendur gætu nýtt þetta efni við nám og kennslu. Þannig að markhópurinn fyrir utan höfund sjálfan eru nemendur og kennarar framhaldsskóla.

Þetta eru fyrstu hugmyndir um lokaverkefnið en eins og áður hefur komið fram, þá gætu þær breyst eftir því sem verkinu framvindur. Aðalatriðið er að læra að setja upp eigin vef með vefumsjónarkerfi og geta síðan í framtíðinni gert fleiri slíka.

Reykjavík 18. febrúar 2017

Sigurlaug Kristmannsdóttir